



## Fjallskilanevnd Grímsnes- og Grafningshrepps

### Fundargerð.

18. fundur fjallskilanevndar Grímsnes- og Grafningshrepps var haldinn að Björk, miðvikudaginn 23. ágúst 2017 kl. 18.00.

Fundinn sátu:

Auður Gunnarsdóttir, formaður

Benedikt Gústavsson

Björn Snorrason

Ingólfur Oddgeir Jónsson

Sigrún Jóna Jónsdóttir

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Benedikt Gústavsson

#### 1. Fjallferðir.

*Fyrsta leit í Grímsnesi fer af stað föstudaginn 8. september og réttað verður í Klausturhólarétt 13. september kl. 10:00.*

*Réttað verður í Kringlumýri þriðjudaginn 12. september kl 10.00 eftir fyrstu leit, fyrir alla.*

*Fyrsta leit í Grafningi fer af stað föstudaginn 15. september og réttað verður í Grafningsrétt mánudaginn 18. september kl 9:45.*

#### 2. Fjárhagsáætlun og álagning.

*Dagsverk í Grímsnesi 7.000 kr.*

*Dagsverk í Grafningi 10.000 kr.*

*Álagning á kind 490 kr.*

*Á jarðarþúsund 2.25 kr.*

*Fjárhagsáætlun áætluð 2.770.752 kr.*

*Þar af fjallskil 2.120.752 kr.*

*Aðrar tekjur 650.000 kr.*

#### 3. Aðstaða í Kerlingu.

*Fjallskilanevnd óskar eftir nýju húsi í Kerlingu og þá í samráði við nefndarmenn einnig viljum við fá rennur á hesthúsið til að brynna hrossunum.*

Ekki fleira tekið fyrir og fundið slitið kl. 21:00